

**Ed.**

**151. Frumvarp til laga**

[128. mál]

um landmælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

**I. KAFLI**

**Markmið.**

**1. gr.**

Markmið þessara laga er að kveða á um stjórn landmælinga á Íslandi til þess:

- a) að samræma störf þeirra, sem vinna að landmælingum, í þeim tilgangi, að fé, sem til þeirra er varið, nýtist sem best, og að sem víðtækust not verði af mælingunum,
- b) að koma á samræmdum mælingum á eignum og skráningu þeirra í samræmi við mælingar,
- c) að hafa skipulag á gerð korta og uppdráttu af Íslandi og útgáfu á þeim,
- d) að tryggja söfnun og varðveislu hvers konar mælingafræðilegra gagna, er til eru og til falla og varða Ísland og lögsögu þess.

**2. gr.**

Samgönguráðherra fer með framkvæmd þessara laga.

**II. KAFLI**

**Landmælingar Íslands og landmælingastjórn.**

**3. gr.**

Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra, sem vinna að landmælingum. Landmælingastjórn gerir tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga, svo sem um mælikvarða uppdráttu, samræmt hnita-kerfi, hæfisskilyrði landmælingamanna og annað, er að þessu lýtur.

Landmælingastjórn fylgist með að réttum reglum sé framfylgt og leysir úr ágreiningi, sem kann að koma upp varðandi samræmingu í landmælingastörfum. Að öðru leyti skal landmælingastjórn vera samgönguráðuneytinu og Landmælingum Íslands til ráðuneytis varðandi landmælingamálefni.

**4. gr.**

Samgönguráðherra skipar landmælingastjórn til fjögurra ára í senn 9 mönnum samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Búnaðarfélags Íslands, Dómarafélags Íslands, Fasteignamats ríkisins, Orkustofnunar, Rannsóknarráðs ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga, Vegagerðar ríkisins, Verkfræðingafélags Íslands.

Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Forstöðumaður Landmælinga Íslands situr fundi landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

**5. gr.**

Landmælingar Íslands eru sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir samþönguráðherra.

Landmælingar Íslands annast framkvæmd ályktana landmælingastjórnar.

Dagleg stjórn Landmælinga Íslands skal vera í höndum forstöðumanns, sem samþönguráðherra skipar.

Forstöðumaður skal hafa lokið prófi í mælingaverkfræði eða hafa aðra hliðstæða háskólamenntun. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk að fengnu samþykki ráðherra.

**6. gr.**

Ríkisstofnanir og stofnanir, sem vinna fyrir almannafé, skulu tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð meiriháttar mælinga- og kortagerðarverkefni og skila um þau áætlunum, sem lagðar eru fyrir landmælingastjórn.

**7. gr.**

Landmælingar Íslands skulu hafa einkarétt á að gefa út uppdrætti og kort af landinu öllu eða hlutum þess, sem ætluð eru til sölu eða almennra nota. Á þetta við kort (uppdrætti), sem sýna eiga landið af nákvæmni miðað við mælikvarða og byggð eru á mælingum, sem eru í eigu Landmælinga Íslands.

Sömuleiðis skulu Landmælingar Íslands hafa einkarétt á töku loftljósmynda í þágu mælinga og kortagerðar.

Stofnuninni er heimilt að framselja þennan rétt sinn í einstökum tilvikum.

**8. gr.**

Hverjum þeim aðila, sem lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti, þannig að gögn fáist, sem hafa gildi fyrir landmælingar, er skylt að skila frumgögnum eða fullkomnum afritum ásamt kortum og uppdráttum til Landmælinga Íslands í því formi, sem ákveðið verður með reglugerð.

Landmælingar Íslands veiti þeim aðilum, sem þess þurfa, upplýsingar og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar eftir reglum, sem um það verða settar.

### III. KAFLI

#### Eignamælingar.

**9. gr.**

Landmælingar Íslands hafa með höndum skipulegar eignamælingar í samvinnu við þá aðila, sem þær ákveða, í samráði við landmælingastjórn og Fasteignamat ríkisins.

Landmælingar Íslands geta falið öðrum framkvæmd eignamælinga í samráði við landmælingastjórn og að fengnu samþykki ráðherra.

Nú óskar sveitarstjórn eða annar stjórnsýsluaðili að láta fara fram eignamælingar á tilteknu svæði fyrir eigin reikning, og er það þá heimilt, enda sé fullnægt skilmálum, sem landmælingastjórn kann að setja, og verkið falið löggiltum landmælingamanni, samanber 11. gr., og fer þá um mælingarnar eftir ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda um eignamælingar utan lögsagnarumdæma kaupstaða og skipulagðra svæða utan kaupstaða.

**10. gr.**

Mælingar skulu gerðar í skilgreinanlegu hnitakerfi. Setja skal niður varanleg og örugg merki, þar sem þau eru ekki fyrir, og halda þeim við, gera merkjaskrá með þeim hætti, að ekki verði um villst, og færa merkin inn á uppdrætti, sem varðveittir skulu með tryggilegum hætti.

#### 11. gr.

Þeir einir mega framkvæma eignamælingar samkvæmt lögum þessum, sem fengið hafa til þess löggildingu.

Samgönguráðherra löggildir landmælingamenn, að fenginni umsögn landmælingastjórnar. Þeim er frjáls umferð um lönd manna, meðan á mælingu stendur.

Landmælingamenn skulu afla sér landamerkjalyfinga og annarra gagna, sem veita upplýsingar um merkin. Landeigendur og fyrirsvarsmenn þeirra eru skyldir að láta landmælingamönnum í té gögn og upplýsingar eftir þörfum.

Landmælingamenn skulu halda gjörðabók.

#### 12. gr.

Landmælingamenn kveðja eigendur landareigna til merkjagöngu. Nægilegt er, að einn stefnuvottur birti kvaðningu eða að kvaðning sé send í símskeyti eða útbornu ábyrgðarbréfi.

Frestur fer eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði um stefnufrest.

Nú sækir ábúandi jarðar merkjastefnu fyrir eiganda, og skal hann þá talinn hafa umboð, nema annað sannist.

#### 13. gr.

Nú verða aðilar sammála um merkin, og skulu þá sett niður merki, þau dregin á uppdrátt og merkjaskrá gerð í samræmi við samkomulag aðila. Aðilar skulu undirrita merkjaskrá ásamt landmælingamanni.

#### 14. gr.

Nú sækja aðilar ekki merkjastefnu, og ákveður landmælingamaður þá merkin eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, og eftir skýrslum aðila, sem mæta.

Nú greinir aðila á um merki, og skal þá landmælingamaður leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki, getur landmælingamaður ákveðið merkin eftir fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum.

Nú telur landmælingamaður landamerki svo óviss, að ekki sé fært að ákvarða þau eftir tiltækum gögnum og upplýsingum og ekki verður samkomulag með landeigendum um, hvar þau skuli talin liggja, og skal þá gerð grein fyrir óvissu um merki í merkjaskrá og landamerki dregin sem óviss mörk á uppdrátt. Nú er ágreiningur um mörk, sem ekki tekst að jafna og landmælingamaður treystir sér ekki til að skera úr, og skal þá lýsa ágreiningi í merkjaskrá og færa deilulínu á uppdrátt.

Landmælingamaður skal gera sýslumanni viðvart um ágreining.

Nú eru landamerki mörk lögsagnarumdæma, og má þá gera sýslumanni viðvart í hvoru lögsagnarumdæmi sem er.

#### 15. gr.

Nú hefur aðili ekki sótt merkjastefnu, og skal honum þá tilkynnt um merkjasetningu með þeim hætti, sem hafa má á við kvaðningu til merkjagöngu.

#### 16. gr.

Nú vill aðili ekki una merkjasetningu, og skal hann þá tilkynna það sýslumanni innan tveggja mánaða, frá því að honum var birt tilkynning um merkjasetningu eða afhent ábyrgðarbréf eða frá því að símskeyti var sent, og fer þá um ágreining eftir 8. gr. laga nr. 41/1919.

Nú hefur frestur skv. 1. mgr. runnið út, án þess að tilkynnt hafi verið um ágreining, og teljast þá merkin samþykkt. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað aðila, sem telur á sig hallað, að bera ágreining undir dómstóla, ef beiðni þar um kemur fram innan eins árs, frá því að aðila var birt tilkynning um merkjasetningu, frá afhendingu ábyrgðarbréfs eða frá því að símskeyti var sent.

**17. gr.**

Nú hafa merki verið ákveðin skv. ákvæðum 13. og 14. gr., og skal þá landmælingamaður sjá um, að aðilar setji niður merki, og segja fyrir um verkið eða láta gera það á þeirra kostnað.

**18. gr.**

Landmælingar Íslands annast varðveislu merkjaskráa og uppdráttu samkvæmt lögum þessum og samkvæmt ákvæðum laga um landskipti og landamerki og um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

Löggiltir landmælingamenn skulu afhenda Landmælingum Íslands merkjaskrár og uppdrætti, sem þeir gera.

Landmælingar Íslands skulu annast um að Fasteignamat ríkisins fái samrit uppdráttu og merkjaskráa og að skrárnar, ásamt samriti uppdráttu, séu sendar viðkomandi þinglýsingardómurum til þinglýsingar.

Merki, sem ákveðin eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, teljast rétt landamerki.

Landeigendum ber að greiða þinglýsingargjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs af skjölum, sem Landmælingar Íslands senda til þinglýsingar samkvæmt lögum þessum.

**19. gr.**

Þegar eignamælingar fara fram samkvæmt 9.—17. gr. laga þessara, skal heimilt að taka gjald af hverri jörð eða öðru landi, sem sérgreindur eignarréttur fylgir, auk tiltekins hundraðshluta af fasteignamati. Nánari ákvæði um fjárhæð gjaldsins skulu sett í reglugerð. Gjald þetta renni til Landmælinga Íslands, ef mælingar fara fram á þeirra vegum, en ella til þess stjórnvalds, sem lætur mæla.

Að frátöldu fastagjaldi má gjald þetta ekki nema hærri fjárhæð en 2.5% af fasteignamati lands.

Gjald þetta fellur í gjalddaga við þinglýsingu merkjaskrár og innheimtist með þinglýsingargjaldi. Gjald þetta hefur lögtaksrétt og fylgir því lögveð í viðkomandi fasteign.

**20. gr.**

Eigendum jarða og annarra landareigna og ábúendum jarða, svo og sveitarstjórnnum, sem afréttarlönd heyra undir, er skylt að halda við merkjum, sem sett eru samkvæmt lögum þessum.

Sýslumenn skulu sjá um, að eftirlit sé haft með viðhaldi landamerkja.

**21. gr.**

Nú hefur eignamæling á landareign farið fram samkvæmt ákvæðum þessara laga, en landi er síðan skipt eða landamerkjum breytt eða lóðir eru seldar eða leigðar úr landi, og skal þá fela löggiltum landmælingamanni að annast mælingar, gera uppdrætti og setja niður merki samkvæmt ákvæðum þessara laga, eftir því sem við á. Gæta ber ákvæða 18. gr., eftir því sem við á.

**22. gr.**

Nú er merkjaskrá gerð fyrir landareign, sem ekki hefur verið mæld samkvæmt ákvæðum laga þessara eða landi er skipt, sem ekki hefur áður verið mælt, eða lóðir eru seldar eða leigðar úr slíku landi og ákveðið er að gera uppdrátt af landi, og ber þá að fela löggiltum landmælingamanni að annast mælingu og gerð uppdráttar og merkjaskrár í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerðar samkvæmt þeim. Gæta ber ákvæða 18. gr., eftir því sem við á.

### 23. gr.

Samgönguráðuneytið setur í reglugerð nánari reglur um aðferð við mælingar, gerð merkjaskráa og táknumál þeirra, gerð uppdráttar, vörslu gagna, kröfur, sem gera skal til merkja, nákvæmniskröfur til mælinga, mælikvarða uppdráttar og kröfur um hæfi landmælingamanna. Reglur þessar skulu settar að fengnum tillögum landmælingastjórnar.

### 24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 16. október 1975 skipaði samgönguráðuneytið 5 manna nefnd til að semja frumvarp til laga um landmælingastjórn. Skyldi með frumvarpinu stefnt að því, að undir landmælingastjórn heyrði stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðamerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar. Með skipunarbréfi nefndarinnar fylgdi ályktun Alþingis frá 7. maí 1975 um landmælingastjórn. Í nefndina voru skipaðir: Haukur Pétursson, mælingaverkfræðingur; Ólafur G. Einarsson, alþingismaður; Sigfús Örn Sigfússon, verkfræðingur; Steingrímur Gautur Kristjánsson, héraðsdómari; og Jónas Jónsson, ritstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Hinn 28. apríl 1976 var Bragi Guðmundsson, forstjóri, skipaður í nefndina í stað Sigfúsar Arnar Sigfússonar, er fór til starfa erlendis. Ritari nefndarinnar var Birgir Guðjónsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.

Frumvarpið er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Nefndin hefur unnið að gerð þriggja frumvarpa um þessi mál: frumvarps til laga um landmælingar, frumvarps til laga um mælingu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða og frumvarps til laga um breyting á landskiptalögum nr. 46/1941. Tvö hin síðar nefndu frumvörp fylgja hér með ásamt athugasemdum.

Nefndin kynnti sér fyrirkomulag landmælinga á Íslandi með því að ræða við þáverandi forstjóra Landmælinga Íslands, Ágúst Böðvarsson, en frá honum bárust einnig tvær skriflegar greinargerðir. Þá skrifaði nefndin bréf til stofnana og aðila, sem hér eru taldir á eftir, og bað um álit þeirra á viðfangsefninu og sendi með því spurningalista varðandi þörf stofnunarinnar fyrir landmælingar, kortagerð og annað það, er varðar viðfangsefni nefndarinnar. Stofnanir þær, sem leitað var til um álit á fyrirhugaðri lagasetningu og þörf fyrir landmælingar, voru þessar:

Rannsóknaráð ríkisins, Vegagerð ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, Hafnarmálastofnun ríkisins, Póst- og símamálastjórnin, Náttúruverndarráð, Landsvirkjun, Skipulagsstjóri ríkisins, Sjósmælingar Íslands, Landnám ríkisins, Flugmálastjórn, Fasteignamat ríkisins, Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra rafveitna, Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, Dómarafélags Íslands, Lagadeild Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Tólf hinir fyrst nefndu aðilar sendu svör, og má af þeim ráða, að margir aðilar, ríkisstofnanir og sveitarfélög verja miklum fjármunum til landmælinga og kortagerðar og að þríhyrningamælingar og kerfisbundnar hæðarmælingar fara fram á vegum margra aðila, án þess að mælt sé í samræmdum hnita- eða hæðakerfum. Aðilar töldu, að mikil þörf væri á skipulögðum og samræmdum eignamælingum bæði í þéttbýli og utan þess. Það kom einnig fram af svörum, að þörf var talin á skipulagðri söfnun og dreifingu upplýsinga á milli aðila, sem þurfa á landmælingum og kortagerð að halda, bæði um fyrirhuguð verkefni og um það, hvaða mælingar hefðu verið gerðar og hvað lægi fyrir af gagnlegum mælingum og kortum. Aðilar

töldu því, að hægt væri að koma í veg fyrir tvíverknað með betri skipulagningu þessara hluta og samræmingu á störfum þeirra aðila, sem fást við mælingar og kortagerð.

Landmælingar Íslands urðu ekki til sem sjálfstæð stofnun fyrr en 1956, eða 15 árum eftir fullnaðarskilnað við Dani. Fram til þess tíma höfðu Danir séð um allar kortlagningar af landinu, en þær hófust upp úr aldamótunum 1800, en aðal-mælingastörfum Dana og kortagerð var lokið árið 1939. Eftir stríð var haldið áfram við kortagerðina á vegum Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn, en Íslendingar kostuðu aðeins hluta af því starfi, það er endurskoðun kortanna. Landmælingar Íslands fengu með sérstökum samningi öll gögn varðandi mælingar á Íslandi frá Geodætisk Institut og einkarétt á notkun þeirra.

Nú starfa hjá Landmælingum Íslands um 20 manns, og er mestur hluti starfsliðsins sérhæft fólk á sviði mælinga, loftmyndatöku, ortomyndakortagerðar og korta-teikninga.

Landmælingar Íslands hafa stöðugt haldið áfram því verki, sem Danir unnu að, haldið áfram grundvallarmælingum á landinu, unnið að endurskoðun kortanna og kortaútgáfu, unnið að loftmyndatöku af landinu vegna mælinga og kortagerðar og eru eini aðilinn, sem hefur á hendi slíka myndatöku. Landmælingar hafa um nokkurt árabíl veitt aðstoð og tæknilega þjónustu við gerð gróður- og jarðakorta, sem unnið er að af Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Á síðari árum hafa Landmælingar Íslands í vaxandi mæli veitt öðrum stofnunum þjónustu í sambandi við mælingar og kortagerð fyrir rannsóknir og undirbúning framkvæmda. Á sama hátt er um landmælingar margháttuð samvinna á milli stofnunarinnar og starfandi verkfræðifyrirtækja. Landmælingar Íslands hafa nú tæki til allra venjulegra mælinga og kortagerðar og fengu fyrir fáum árum sérstaka tækjasamstæðu til að gera nákvæm kort með svonefndri ortomyndaaðferð. Stofnunin hefur til þessa ekki starfað eftir sérstökum lögum, en heyrir undir samgönguráðuneytið.

Auk þess, sem að framan er talið, hafa um alllangt skeið starfað hér verkfræðistofur, sem tekið hafa að sér mælinga- og kortagerðarverkefni, einkum til undirbúnings framkvæmda og vegna skipulagsstarfa. Sumar þessar verkfræðistofur hafa yfir að ráða fullkomnum tækjum til úrvinnslu mælinga og kortagerðar.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### I. KAFLI

##### Markmið.

##### Um 1. gr.

Greinin fjallar um markmið laganna og kemur þar fram, að nauðsynlegt þykir að samræma aðgerðir aðila, sem fást við mælingar á Íslandi, svo að fjármunum verði ekki kastað á glæ, heldur fáið full nýting á þeim. Lagt er til, að eignamælingar verði samræmdar, færðar í hnitakerfi, sem eru samræmanleg um allt landið og orðið grundvöllur að eignaskráningu, sem byggðist á óumdeilanlegum hnitum, er færa má á kort. Slík skráning tæki smám saman við af landamerkjaskrá, sem byggja á örnefnum eða er lýst á annan hátt.

Tryggja á skipulag á kortagerð og kortaútgáfu og að öllum gögnum, er lúta að landmælingum og kortagerð, verði safnað saman á einn stað, þar sem varsla þeirra yrði trygg og þau aðgengileg fyrir alla, sem á þurfa að halda hverju sinni.

##### Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## II. KAFLI

### Landmælingar Íslands og landmælingastjórn.

#### Um 3. gr.

Með ákvæðum um landmælingastjórn á að tryggja það samstarf á milli aðila, er vinna að landmælinga- og kortagerð, og þá samræmingu á landmælingastörfum, sem lýst er að framan. Ætla má, að með slíkri stjórn kæmu saman fulltrúar þeirra aðila, sem mest þurfa á landmælingum og kortagerð að halda, og næðist þannig að samræma sjónarmið þeirra og fá yfirlit yfir þarfir þeirra fyrir landmælingar og kortagerð. Sömu aðilar ættu best með að gera tillögur um staðla á sviði landmælinga og samræmingu á öðrum tæknilegum hlutum, er þessi mál varða, svo og hvaða kröfur eigi að gera til landmælingamanna, til þess að þeir hljóti löggildingu. Að öðru leyti starfaði landmælingastjórn sem ráðgefandi nefnd, bæði fyrir samgönguráðuneytið og Landmælingar Íslands.

Hér er því ekki lagt til, að komið sé á fót nýrri ríkisstofnun, heldur sjái Landmælingar Íslands um framkvæmd á samþykktum landmælingastjórnar og veiti henni nauðsynlega starfsaðstöðu.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir verulegri breytingu á stöðu eða hlutverki Landmælinga Íslands sem stofnunar, frá því sem nú er í reynd, fyrir utan það, sem leiðir af samræmdum störfum þeirra, er að landmælingum vinna, en mikilvægt má telja fyrir stofnunina að fá tilveru sína og hlutverk staðfest með lögum.

#### Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um daglega stjórn stofnunar og skipun forstöðumanns, en ætlað er að forstöðumaður ráði annað starfsfólk að fengnu samþykki ráðherra, innan þess ramma sem fjárveitingar heimila.

Eðlilegt þykir að gera þær kröfur til forstöðumanns, að hann sé mælingaverkfræðingur eða hafi hliðstæða háskólamenntun. Við mat á því, hvað teldist hliðstæð háskólamenntun væri eðlilegt að leita álits verkfræði- og raunvísinda-deildar Háskóla Íslands og/eða Verkfræðingafélags Íslands.

#### Um 5. gr.

Greinin fjallar um skipun landmælingastjórnar. Með þeirri tilnefningu, sem þar er lögð til, er ætlað, að aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta og/eða geta lagt til faglega þekkingu á þeim atriðum, sem undir stjórnina heyra, eigi þar setu. Erfitt er að gera tillögu um fámennari nefnd, sem fullnægði þessum skilyrðum. Eðlilegt er, að forstöðumaður Landmælinga Íslands sitji fundi landmælingastjórnar, þar sem í hans hlut kæmi að fylgja fram ýmsum af ákvörðunum hennar og leggja henni til ýmsar upplýsingar, auk þess sem stjórninni er ætlað að vera til ráðgjafar um störf Landmælinga Íslands.

#### Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við þann tilgang laganna að samræma sem best störf þeirra, sem vinna að landmælingum, er kostaðar eru af almannafé. Með því að þessir aðilar gerðu áætlanir um landmælinga- og kortagerðarverkefni og legðu þær fyrir landmælingastjórn fengist nauðsynleg yfirsýn yfir það, að hverju þarf að vinna, og sköpuðust möguleikar til að hagræða störfunum og samræma þau. Eðlilegt þykir, að Landmælingar Íslands taki á móti þessum áætlunum, en landmælingastjórn fjalli um þær. Með þessu er engan veginn verið að hafa áhrif á það, hvaða aðilar vinna að framkvæmd landmælingaverkefna.

#### Um 7. gr.

Landmælingar hafa undir höndum öll gögn frá Geodætisk Institut og útgáfu-rétt á þeim og þar með einkarétt á útgáfu korta, sem á þeim byggjast. Eðlilegt er, að þær hafi áfram einkarétt á kortaútgáfu af landinu, eins og kveðið er á um í greininni, en að þeim sé heimilt að framselja þennan rétt. Það hafa þær og gert í vissum tilfellum t. d. til Ferðafélags Íslands í sambandi við ferðakort.

Landmælingar Íslands eru eini aðilinn, sem hefur annast töku loftljósmynda í þágu landmælinga- og kortagerðar og þykir eðlilegt, að þær hafi á því einkarétt.

#### Um 8. gr.

Mikilvægt er, að öllum þeim gögnum, sem til falla og hafa mælingalegt gildi, sé safnað saman til tryggrar varðveislu á einum stað. Slík skilaskylda mundi ná til allra aðila erlendra sem innlendra, sem fást við mælingar, er gefa niðurstöður, er hafa slíkt gildi. Nokkuð mun vera af því, að erlendir aðilar, sem fá rannsóknarheimildir hjá íslenskum stjórnarvöldum, fást við mælingar á landi, sem hefðu slíkt gildi, og ber að tryggja, að þeir sinni slíkri skilaskyldu.

Þá er eðlilegt, að Landmælingar veiti öðrum aðilum upplýsingar og gögn úr safni sínu eftir reglum, sem um það verða settar. Kveða þarf nánar á um tvö framangreind atriði skila- og upplýsingaskyldu í reglugerð, sem eðlilegt væri, að landmælingastjórn gerði tillögur að.

### III. KAFLI

#### Eignamælingar.

Um nokkur undanfarin ár hafa Landmælingar Íslands haft með höndum skipulegar eignamælingar í samvinnu við Landnám ríkisins og Rannsóknastofn. landb.

Æskilegt er, að smám saman verði gerðar mælingar á landamerkjum um allt land og þau kortlögð. Ekki er þó gert ráð fyrir, að Landmælingar Íslands geti að öllu leyti annast þessar mælingar sjálfar með eigin mannafla. Er því gert ráð fyrir, að gera megi verksamninga við sjálfstæða landmælingamenn. Einnig er gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir, sýslunefndir eða landshlutasamtök sveitarfélaga kunni að óska eftir að láta fara fram eignamælingar á umráðasvæðum sínum.

Ákvæði þessa kafla miða einkum að því að tryggja, að eignamælingar séu unnar af fyllstu faglegrri þekkingu, að þessar mælingar og kort, sem gerð verða samkvæmt þeim, séu sem áreiðanlegust, að landeigendur eigi sem bestan kost á að gæta hagsmuna sinna við ákvörðun merkjanna, að þeim sé gefinn kostur á að fá leyst úr ágreiningi og óvissu á einfaldan og óbrotinn hátt, að ákveðin landamerki verði ekki véfengd og að sem tryggilegast sé gengið frá vörslu merkjaskráa og uppdráttar og að þau séu öllum sem aðgengilegust, þannig að menn geti ekki borið fyrir sig ókunnugleika á þeim.

#### Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að jafnframt lögtöku þessa frumvarps verði lögtekið frumvarp um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

Um mælingar, sem fram fara að frumkvæði landeigenda áður og eftir að skipulegar eignamælingar fara fram, sjá 21. og 22. gr.

#### Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að merkjaskrár séu þannig orðaðar og uppdrættir þannig gerðir, að hægt sé að setja niður merki eftir þeim, þótt merki, sem sett hafa verið í landið, glatist. Eigi að síður er talið áriðandi, að glögg merki séu sett niður á landamerkjum, t. d. járnstautar á steinsteyptum stöpli þannig umbúnir, að þeir haggist ekki, t. d. í frostum.



Um 11. gr.

Það er eitt af meginatriðum frumvarpsins að tryggja, að ekki sé öðrum falið að annast landmælingar en þeim, sem hafa til þess nægilega kunnáttu, sbr. 3. gr. og 23. gr.

Um 12. gr.

Ákvæði um stefnufresti eru í 99. gr. l. um 85/1936. Að öðru leyti má hafa til hliðsjónar 94.—98. gr. og 101.—102. gr. sömu laga.

Gert er ráð fyrir, að ábúandi geti samþykkt ákvörðun landamerkja í umboði landeiganda, án þess að færa sönnun á umboð sitt.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að landmælingamaður geti ákveðið merki, þótt aðilar mæti ekki eða þótt aðilar séu ekki á einu máli um merki eða í óvissu um þau. Landmælingamaður mundi væntanlega ekki neyta þessara heimilda, nema hann þættist geta ákvarðað merkin með sæmlegri vissu af tiltækum gögnum. Þar sem um verulegan vafa væri að ræða og réttarágreining, mundi landmælingamaður síður taka ákvörðun, nema aðilar óskuðu úrlausnar hans.

Takist ekki að ákvarða merki vegna réttaróvissu er gert ráð fyrir, að héraðsdómara sé gert viðvart, þannig að merki verði ákveðin eftir landamerkjalögum (l. 41/1919).

Um 15. og 16. gr.

Talið er áriðandi að aðili, sem telur á sig hallað með ákvörðun merkja, eigi þann kost að neyta réttarúrræða til að fá ákvörðun hnekkt.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir, að landmælingamaður fylgist með því í upphafi, að landamerki séu greinilega merkt. Um viðhald merkja sjá 2. mgr. 20. gr.

Um 18. gr.

Hér vísast til laga um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingarlaga og laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Gert er ráð fyrir þeirri nýbreytni, að Landmælingar Íslands annist um þinglýsingu merkjaskráa, en hingað til hefur það verið á valdi landeigenda. Er þetta gert til að tryggja, að sem öruggastar upplýsingar sé að fá um landamerki í veðmálabókum.

Gert er ráð fyrir, að ákvörðun landamerkja samkvæmt lögum þessum hafi svipuð áhrif og landamerkjadómur.

Um endurskoðun dómstóla eftir að frestir þeir eru liðnir, sem greindir eru í 16. gr., fer þó eftir reglum um endurskoðun á úrlausnum stjórnvalda.

Um 19. gr.

Til að fjármagns verði aflað til skipulegra eignamælinga er talið nauðsynlegt að leggja nokkurt gjald á landeigendur, enda koma mælingar þeim almennt að notum öðrum fremur.

Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir, að sýslumenn feli hreppstjórum að jafnaði eftirlit með merkjum.

Um 21. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að breyting verði á landamerkjum eftir að þau hafa verið ákveðin skv. ákvæðum þessa kafla, og er þá miðað við, að alls hins sama sé gætt og við upphaflega mælingu, eftir því sem við á, en að mæling fari fram á kostnað eigenda.

Um 22. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að fram fari eignamælingar, þar sem skipulegar eignamælingar skv. 12.—17. gr. hafa ekki farið fram, og er þá talið æskilegt, að slíkar mælingar fari fram á þann hátt, að þær geti komið að notum, ef síðar verður ráðist í mælingar samkvæmt ákvæðum 12.—17. gr.

Um 23.—24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.